


FRÉTTIR



Litadýrð einkennir verk listamannsins.

Glerlist í minningu frá Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur

Undraverk með litadýrð glersins

FORSETI Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, opnaði sfódegis í gær sýningu á verkum bandaríska glerlistamannsins Dale Chihuly í Vestursal Kjarvalsstaða. Sýningin er haldin í minningu eiginkonu hans heitinnar, frá Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur.

Forsetinn fagnaði í ávarpi sínu mikilhæfum listamanni og merki- legum áfanga í glerlistasögu á Íslandi. Chihuly væri í fremstu röð þeirra snillinga sem skapað hafa undraverk með litadýrð glersins. „Í verkum hans sjáum við töfraheim. Líkt og Picasso breytti málverkinu og Mozart tónlistinni er Chihuly að breyta glerlistinni. Áhrifa hans gætir víða um heim.“

Ólafur Ragnar sagði þá ákvörðun að halda sýninguna í minningu Guðrúnar Katrínar hafa snortið fjölskylduna afar djúpt. „Sá heiður að sýningin skuli vera hingað komin er okkur kærari en orð fá lýst.“

Þakkaði hann Eiríki Þorlákssyni, forstöðumanni Listasafns Reykjavíkur, sérstaklega hans þátt í undirbúningi sýningarinnar.

Í máli forsetans kom fram að Guðrún Katrín hefði verið unnandi glerlistar og oft hafi verið af þeim toga orðið fyrir valinu þegar þau hjónin gáfu erlendum þjóðhöfðingi- um góðar gjafir.

Hann sagði þau fyrst hafa séð verk Chihulys á heimili vinafólks á Indlandi og það hafi oft verið Guðrún Katrín tilhlökkunarefni, í baráttunni við erfíð veikindi, að



Sýningarstjórinn, Jennifer P. Lewis, og Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands virða fyrir sér eitt verka Chihulys.

eiga þess kost að sækja heim vinnu- stofu listamannsins í Seattle. „Sú ósk rættist ekki.“

Ólafur Ragnar sagði þau hjónin margsinnis hafa glaðst á sýningum á Kjarvalsstöðum og það hefði orðið Guðrún Katrín einkar kært að fagna verkum Chihulys í húsinu. Það hann gesti að lokum að fagna í hennar anda, njóta verkanna með þeirri lífsgleði sem einkenndi Guðrún Katrín Þorbergsdóttur.

Eiríkur Þorláksson ávarpaði sýningargesti einnig. Sagði hann mikinn feng í sýningunni enda væri Chihuly einn merkasti núlifandi listamaður sem vinnur í gler.

Ekki talinn ábyrgur fyrir alvarlegu slysi

HÆSTIRÉTTUR hefur staðfest sýknudóm Héraðsdóms Reykjavíkur yfir lögreglumanni í Lögreglunni í Reykjavík, sem ók lögreglubifreið sinni gegn rauðu ljósi og lenti í hörðum árekstri við einkabifreið á gatnamótum Egilsgötu og Snorrabrautar hinn 24. febrúar 1999 með þeim afleiðingum að ökumaður einkabifreiðarinnar slasaðist lífshættulega.

Lögreglumanninum var m.a. gefið að sök í ákæru ríkissaksóknara að hafa ekið lögreglubifreiðinni í neyðarakstri með forgangsljós án nægilegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður á blautum vegi í myrkri. Lögreglubifreiðin skall á vinstri hlið einkabifreiðarinnar sem ekið var á grænu ljósi

inn á gatnamótin með fyrrgreindum afleiðingum auk þess sem eiginkona ökumannsins hlaut rifbeinsbrot.

Í dómi Hæstaréttar kemur fram að ekki hafi þótt útilokað að bilunar hefði gætt í hemlum lögreglubifreiðarinnar þegar slysið varð og að lögreglumanninum hefði tekist að komast hjá árekstrinum ef þeir hefðu virkað með eðlilegum hætti. Fyrir héraðsdómi báru fjórir lögreglumenn að þeir hefðu orðið varir við hemlabilun í bifreiðinni ýmist fyrir slysið eða eftir það. Þótti verða að skýra þann vafa sem lék á um orsakir slyssins lögreglumanninum í hag og var hann því sýknaður af ákæru ríkissaksóknara.

Ríkisskattstjóri að fengnu álitum umboðsmanns Alþingis

Skoða beiðni um skattaleiðréttingu opnum huga

INDRÍÐI H. Þorláksson ríkisskattstjóri segir að embætti sitt muni skoða mál sjálfstætt starfandi verkfræðings, sem sýnað var um beiðni um leiðréttingu á opinberum gjöldum, opnum huga eftir tilmæli umboðsmanns Alþingis þar að lútandi. Umboðsmaður Alþingis taldi ríkisskattstjóra ekki hafa farið að lögum er hann hafnaði beiðni verkfræðingsins 23. desember 1997 og beiði því þeim tilmælum til embættisins að umrædd ákvörðun yrði endurskoðuð, óskaði verkfræðingurinn þess.

Verkfræðingurinn óskaði eftir leiðréttingu á opinberum gjöldum sínum fyrir gjaldaárin 1985 til 1992 í kjölfar dóms Hæstaréttar 19. desember 1996, þar sem fallist var á að sjálfstætt starfandi mönnum væri heimilt að draga frá rekstrartekjum sínum framlag í lífeyrissjóð af eigin vinnu vegna þess hluta sem

almennt greiðist af vinnuveitanda. Eigi að síður hafnaði ríkisskattstjóri erindi hans um leiðréttinguna með vísan til þeirrar ákvörðunar embættisins að binda almennar leiðréttingar á skattskilum sjálfstætt starfandi manna við lífeyrissjóðsframlög ársins 1992 og yngri ára.

Ákvörðun um að hafna beiðni verkfræðingsins var tekin hjá embætti ríkisskattstjóra, áður en Indriði H. Þorláksson tók við embættinu. Hann segir að æskilegast væri að hafa ákveðin lagaákvæði í gildi um tilvik af þessu tagi. „Það getur alltaf hent að dómstóll komist að annarri niðurstöðu um tiltekin efni en skattayfirvöld,“ segir hann. „Að sjálfsögðu munum við skoða þetta mál opnum huga því okkar hlutverk er að hafa skattamálin í samræmi við það sem lög kveða á um og góð stjórnsýsla kallar á.“

Nýtt símkerfi blaðadreifingar Morgunblaðsins

ÁSKRIFTARDEILD Morgunblaðsins hefur tekið í notkun gagnvirk símkerfi sem er ætlað að veita betri stjórna á tímasetningu blaðburðar.

Skráning í kerfið er gerð með tónvalssíma og gerir kerfið áskriftardeildinni kleift að fylgjast með hvar blaðið er stutt í dreifingarferlinu á hverjum stað fyrir sig. Tekur skráningin aðeins örfáar sekúndur í hvert skipti og er gjaldfrjáls fyrir notendur kerfisins.

Örn Þórisson áskriftarstjóri segir kerfið, sem er að erlendri fyrirmynd, byggjast upp á því að allir sem vinni að dreifingu blaðsins skrái hvenær þeir hefji verk sitt og hvenær þeir ljúki því. Á þann hátt hafi áskriftardeildin góða yfirsýn yfir tímasetningu á dreifingu blaðsins og geti brugðist við komi eitt-hvað upp á.

„Ferlið byrjar hjá bílstjórunum, þeir keyra blaðið á áfangastað á nóttunni og skrá sig inn í kerfið þeg-

ar þeir leggja af stað. Um leið geta blaðberarnir hringt inn og fylgst með því hvort bíllinn er farinn af stað eða ekki, hvort einhver seinkun sé í framleiðslukerfinu og þannig eiga þeir auðvelt með að fylgjast með hvenær blaðið kemur til þeirra,“ segir Örn.

Þegar blaðberinn leggur af stað skráir hann sig inn og eins þegar hann hefur lokið við að bera út blaðið. Örn segir að kerfið áminni blaðbera sjálfvirk, með símhringingu, hafi þeir ekki skráð sig inn í kerfið fyrir klukkan hálf sjö. „Þar erum við fyrst og fremst að reyna að tryggja það að áskrifendur fái blaðið fyrir klukkan sjö eins og við lofum,“ segir Örn.

Stefnt að því að áskrifendur fái beinan aðgang að kerfinu

Örn segir þetta mikinn mun fyrir vinnu áskriftardeildarinnar og bæti þjónustu hennar til áskrifenda.

„Þetta hjálpar okkur að svara

áskrifanda nokkuð nákvæmlega ef hann hringir á morgnana og bíður eftir blaðinu sínu.“

Örn segir að kerfi þetta geti skipt gríðarlega miklu máli, til dæmis ef bilun kemur upp í prentsmiðjunni.

„Þá eigum við auðveldara með að okkur á því á hve löngum tíma við getum klárað að bera út blaðið á ákveðnum svæðum og komið upp lýsingum um stöðuna miklu betur til blaðberanna. Þetta nýja kerfi lýsir engu vantrausti á blaðbera, síður en svo. Fjöldi blaðbera vinnur sitt starf samviskusamlega og vel. Fyrir þá er símkerfið nýtt hjálpar- og öryggistæki. Margir blaðbera hafa hringt til að lýsa ánægju sinni með þessa nýjung og jafnvel óskað eftir að færa áminningarhringingu sína og nota hana til að láta vekja sig.“

Örn segir stefnt að því að áskrifendur fái beinan aðgang að kerfinu bæði í síma og á Netinu og geti þannig fylgst með komutíma blaðsins.

caroline knapp

BÓK 30% afsláttur

MÁNAÐARINS 2.690.-

Hvert kvöld var hún ofurólvi og þó vissu fæstir af drykkjunni. Hispurslaus frásögn af tuttugu ára slítandi ástarsambandi við áfengið.

FORLAGIÐ

Laugavegi 18 • Sími 515 2500 • Síðumúla 7 • Sími 510 2500